

Öryggisleiðbeiningar

1. Verslunarheiti efnis - innflytjandi/framleiðandi

RESISTENT SPÄRRGRUND

Slippfélagið Málningarverksmiðja

Dugguvogi 4

Vörunúmer:

104 Reykjavík

4244 1000

Sími: 5 888 000

Bréfsími: 568 92 55

Eitrunarupplýsingamiðstöð Sjúkrahúss Reykjavíkur veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 525 11 11

2. Samsetning - upplýsingar um innihald

| Efni: | EINECS-nr. | CAS-nr. | magn (P %) | Varnaðar- merki | H.-setn. nr. | Mengunarmörk í lofti á vinnustað meðaltal mg/m ³ |
|-----------------------|------------|---------|---------------|--------------------|--------------|---|
| stýren-akrýl fjölliða | - | - | 30-40 | - | - | - |
| vatn | - | - | - | - | - | - |

3. Varúðarupplýsingar

Efnið er ekki talið hættulegt.

4. Skyndihjálp

Almennt:

Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið þessar leiðbeiningar.

Snerting við húð:

Fjarlægjið menguð föt. Þvoið með sápu og miklu af vatni. Notið ekki þynna eða leysa. Leitið til læknis ef sársauki hverfur ekki við þvott.

Slettur í augu:

Skolið augun með miklu vatni í a.m.k. 15 mín., hafið augun opin á meðan. Leitið til læknis.

Inntaka:

Hafið strax samband við lækni.

Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. Bruni - aðferðir við slökkvistarf

Viðeigandi slökkviefni:

froða, kolsýra, duft eða vatnsúði.

6. Efnaleki

Haldið fólki fjarri. Notið viðeigandi persónuhlífar. Notið ísogsefni s.s. sand eða kísilgúr til að þrifa efnið upp. Efnið má ekki komast í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Leitið til slökkviliðsins ef leki er mikill.

7. Meðhöndlun og geymsla

Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun hættulegra efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Má ekki frjósa.

8. Eftirlit með mengun - persónuhlífar

Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Þörf getur verið á staðbundinni loftræstingu ef mengun er mikil.

Til hlífðar öndunarfærum: efnaþolnar öndunargrímur (með t.d. kolasíu) ef efninu er sprautað.

Til hlífðar höndum: efnaþolnir hanskar og græðandi krem.

Til hlífðar augum: gleraugu eða andlitshlíf. Hafið augnskol á vísum stað.

Notið viðeigandi vinnugalla og haldið honum aðskildum frá öðrum fatnaði.

Þvoið ykkur um hendur áður en hlé verður á vinnu (hvíldar- og matartímar).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Mælt skv.

Útlit: seigur vökvi

Litur: daufblár

Eðlisþyngd: 1,02 g/cm³

Rúmþyngd: -

Gufubrýstingur: -

Leysni í vatni: blandast

pH-gildi: ~ 9

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Efnið er stöðugt við tilætlaða notkun. Við háan hita geta koloxíð losnað úr efninu.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar

Efnið er talið meinlaust. Það inniheldur lítilræði af lífrænum leysum, ammoníaki og einliðuleyfum. Ef mengun er mikil, þá getur efnið ert öndunarfærin. Einkum við sprautumálun. Góð loftræsting og persónuhlífar eiga að koma í veg fyrir heilsutjón.

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg. Efnið hefur ekki verið prófað á lífverum.

13. Förgun

Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

14. Flutningur

Ekki þarf að merkja efnið sérstaklega vegna flutnings.

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Efnið er ekki merkingarskylt.

Þessar leiðbeiningar eru byggðar á eftirfarandi reglum:

498/1996

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar

Þessar upplýsingar eru gefnar samkvæmt tiltækum upplýsingum frá framleiðanda. Þær eru settar fram skv. fyrirmælum Vinnueftirlits Ríkisins og í samræmi við íslenskar reglugerðir. Í sumum tilvikum ná íslenskar reglugerðir ekki yfir efnisþætti og var þá fylgt upplýsingum frá framleiðanda.

Þessar leiðbeiningar voru þýddar og staðfærðar af Sigurði Ásbjörnssyni fyrir innflytjanda.

Liðir sem hafa breyst frá fyrri útgáfu eru með krossmarki efst í hægri horni.

" - " Þýðir að upplýsingar eru ekki tiltækar eða að viðkomandi liður eigi ekki við.